

Rýmingaráætlun í bruna og annarri vá sem veldur því að rýma þarf húsnæðið

Rýmingaráætlun

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun sem og ef önnur vá steðjar að, svo sem vatnsleki.

Nafnalistar, blýantur og rauður og grænn miði eru í vasa í hverju kennslurými viðkomandi árganga.

- ❖ Kennarar og stuðningsfulltrúar undirbúa rýmingu skólans. Kennari tekur bekkjarskrá með sér úr kennslustofunni. Stuðningsfulltrúi athugar hvort einhver nemandi sé undir borðum, á salernum eða í öðrum skúmaskotum.
- ❖ Starfslið skólans rýmir skólann. Fyrsti kostur er að fara út um dyr sem er í kennslurýminu og því mikilvægt að nemendur séu í eða geymi inniskó þar inni. Ekki skal fara með nemendur yfir svið og sal ef hægt er að fara út um dyrnar í kennslurýminu.
- ❖ Söfnunarsvæði er við anddyri íþróttamiðstöðvarinnar Sportvers.
- ❖ Á söfnunarsvæði skal fara yfir bekkjalista og kennarar rétta upp rautt spjald ef einhvern vantar, grænt ef allir eru mættir. Hafi ekki allir skilað sér tekur einn starfsmaður það að sér, ákveðið á staðnum, að upplýsa varðstjóra um hversu mörg börn hafa orðið eftir inni í skólabyggingunni og hver sé hugsanleg staðsetning þeirra.
- ❖ Þegar slökkviliðið er komið og hefur fengið allar upplýsingar skal fara með börnin inn í íþróttamiðstöðina Sportver.
- ❖ Munið að sá sem síðastur fer úr skólarýminu lokar hurðinni á milli sviðs og skólarýmis og inn í kennslustofur til að forðast reyk og eld, sé þess kostur.